



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um biðsal fyrir farþega á Hlemmi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að biðsalur fyrir strætófarþega verði búinn til eða afmarkaður inni á Hlemmi. Erfitt er fyrir strætófarþega að koma sér vel fyrir þegar beðið er eftir vagni og salurinn er þéttsetinn af snæðandi gestum í mathöllinni. Auk þess er ekkert sem gefur til kynna að farþegum sé heimilt að bíða inni, þótt þeir megi það. Því er lagt til að bíð verði til sérstakt rými tileinkað strætófarþegum sem og að slíkt verði auglýst vel með skilmerkilegum hætti.

Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 15. mars sl.

Umsögn:

Leigusamningur Reykjavíkurborgar við Hlemm mathöll ehf. var undirritaður árið 2016 og gildir hann til tíu ára. Í samningnum eru nokkrar kvaðir og má þar nefna kvöð um að salernin verði opin almenningi og að miðrymi hússins sé ætlað farþegum Strætó.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri